

# FRAMTÍÐARVETTANGUR

Miðað við lýsinguna á plakatinu (sjá síðustu blaðsíðu). Ykkar verkefni er að lýsa hugmynd ykkar að nýjum vettvangi í þremur skrefum. Svarið á þann hátt sem hentar ykkur best. Þið getið sent inn texta (1–2 A4-síður), myndskreið eða myndir. Vinnið verkefnið í 3–5 manna hópum.

## 1. Í verkefninu eigið þið að svara þremur spurningum: hvar, hvernig og hvers vegna?

Hvað?

- Hvers konar vettvang viljið þið skapa?
- Hver eru málefni sem ykkur finnst mikilvægt að skapa tengingar í kringum? Þið getið valið málefni hér að neðan eða ykkar eigið málefni sem þið hafið áhuga á. Hér eru nokkrar tillögur:
  - Andleg eða líkamleg vellíðan
  - Sjálfbær matvælaframleiðsla og neysla
  - Tengingar milli kynslóða
  - Heilbrigði frammistöðumenning í skólanum
  - Meðvituð notkun miðla
  - Jafnrétti og inngilding

Hvernig?

- Hvernig viljið þið að fólk tengist?
- Hver á að mæta á ykkar vettvang?
- Hvað á að gerast á ykkar vettvangi? Nefnið dæmi og lýsið því sem þið viljið gera.
- Þurfið þið á samstarfsaðila að halda til að framkvæma ykkar hugmynd á góðan hátt? Hvað þyrfti samstarfsaðilinn að gera?

Hvers vegna?

- Hvers vegna er vettvangur fyrir tengingar milli fólks mikilvægur?
- Færið rök fyrir því að ykkar vettvangur sé nauðsynlegur. Hvað myndi vettvangur ykkar þýða fyrir fólk á staðnum sem þið búið á?

## 2. Gefið vettvangnum ykkar gott nafn

## 3. Búið til lógó fyrir ykkar vettvang

Sendið inn ykkar hugmynd á [nordeniskolan.org](http://nordeniskolan.org). Gleymið ekki senda inn lógóið sem smámynd og skrifið nafnið á ykkar vettvangi í lýsingunni þegar þið sendið inn framlagið.

# FRAMTÍÐAR-

# VETTIVANGUR

**Við leitum að ykkur sem viljið skapa framtíðarvettvang!**

Ef þið fenguð aðgang að fríu húsnæði allan sólahringinn í heilt ár, hvað mynduð þið gera við það til að fá fólk til að koma og tengjast á nýjan hátt?

Við leitum að ykkur sem viljið þróa og prófa verkefni í húsnæði okkar. Eigið þið spennandi hugmynd sem aldrei áður hefur verið prófuð? Eða er kannski eitthvað sem virkar nú þegar sem þið viljið gera meira? Er t.d. til rafrænn vettvangur sem gæti orðið vettvangur í okkar húsnæði?

Ykkar hugmynd gæti verið hugmynd að fyrirtæki, félagasamtökum, setustofu eða eitthvað allt annað. Þið ákveðið. Allar hugmyndir eru velkomnar, við hlökkum til að fá ykkar umsókn!

